

Rættendur innan smáhundadeildar eru beðnir að kynna sér vel þær kröfur sem gerðar eru til heilsufarsskoðana ræktunardýra.

Sérstök athygli er vakin á breytingum sem varða:

Bichon Frise

King Charles Spaniel

Poodle (allar stærðir)

Ræktandi sem brýtur gegn reglugerð um ættbókarskráningu, getur átt á hættu að hvolpar hans fái ekki ættbókarfærðir, auk þess sem hann verður sjálfkrafa kærður til siðanefndar HRFÍ.

Eitt af markmiðum stjórnar smáhundadeildar er að fækka þeim ræktendum sem kærðir eru til siðanefndar og eru ræktendur því hvattir til að leita sér upplýsinga **áður** en hundar eru paraðir.

Tengiliðir eru, ásamt stjórn smáhundadeildar, fúsir til að veita upplýsingar og leiðbeina ef eftir því er óskað.

Reglur um heilsufarsskoðanir ræktunardýra sem gilda frá 1. janúar 2011

Bichon Frise:

Augnskoðun: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.01.2011).

King Charles spaniel:

Augnskoðun: Ræktunardýr skulu augnskoðuð fyrir pörun. Eftir 12 mánaða aldur gildir augnvottorð ævilangt. Greinist hundur með staðfesta arfgenga starblindu (cataract) skal hann skráður í ræktunarbann. (Gildir frá 01.01.2011) *Hnéskeljaskoðun:* Skila þarf vottorði frá dýralækni um ástand hnéskelja ræktunardýrs, þ.m.t. gráðun á losi ef um slíkt er að ræða. (Gildir frá 01.01.2011) *Hjartavottorð* þarf að fylgja ættbókarskráningu og niðurstaða kunn fyrir pörun. (Gildir frá 01.01.2011)

Poodle, toy:

Augnskoðun: Ræktunardýr skulu augnskoðuð fyrir pörun. Eftir 12 mánaða aldur gildir augnvottorð ævilangt. (Gildir frá 01.01.2011) Ræktunardýr verða að hafa undirgengist DNA próf gagnvart PRA til að hvolpar fái skráðir í ættbók HRFÍ. Óheimilt er að para saman tvo arfbera PRA. Heimilt er þó að para PRA arfbera svo framanlega sem hinn hundurinn er ekki arfberi PRA (Normal clear N/C, Normal clear by parentage N/C/P). (Gildir frá 01.01.2011).

Poodle, miniature:

Augnskoðun: Ræktunardýr skulu augnskoðuð fyrir þörun. Eftir 12 mánaða aldur gildir augnvottorð ævilangt. (Gildir frá 01.01.2011). Ræktunardýr verða að hafa undirgengist DNA próf gagnvart PRA til að hvolpar fáist skráðir í ættbók HRFÍ. Óheimilt er að para saman tvo arfbera PRA. Heimilt er þó að para PRA arfbera svo framanlega sem hinn hundurinn er ekki arfberi PRA (Normal clear N/C, Normal clear by parentage N/C/P). (Gildir frá 01.01.2011)

Poodle, medium:

Augnskoðun: Ræktunardýr skulu augnskoðuð fyrir þörun. Eftir 12 mánaða aldur gildir augnvottorð ævilangt. (Gildir frá 01.01.2011) Ræktunardýr verða að hafa undirgengist DNA próf gagnvart PRA til að hvolpar fáist skráðir í ættbók HRFÍ. Óheimilt er að para saman tvo arfbera PRA. Heimilt er þó að para PRA arfbera svo framanlega sem hinn hundurinn er ekki arfberi PRA (Normal clear N/C, Normal clear by parentage N/C/P). (Gildir frá 01.01.2011).

Poodle, standard:

Augnskoðun: Ræktunardýr skulu augnskoðuð fyrir þörun. Eftir 12 mánaða aldur gildir augnvottorð ævilangt. (Gildir frá 01.01.2011). Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við þörun. (Gildir frá 01.11.1999 - 01.01.2011.)

Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir þörun. (Gildir frá 01.11.1999).

Lhasa Apso:

Augnskoðun: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við þörun. (Gildir frá 01.09.2001).

Vinsamlegast athugið:

Allir félagsmenn ættu að lesa grundvallarreglur fyrir félagsmenn, sem má sjá hér:

<http://hrfi.is/FileLib/skjalasafn/Grundvallarreglur%20fyrir%20félagsmenn%20m.br.%202012.%20ágúst%202009.pdf>

og eru þeir sem hyggjast rækta hunda sérstaklega hvattir til að kynna sér reglurnar vel.

Stjórn smáhundadeildar hvetur ræktendur til að afla sér upplýsinga um það hvort arfgengir sjúkdómar eru þekktir í tegundinni.

Ræktendur eru einnig hvattir til að láta láta augnskoða hunda sína og láta athuga ástand hnéskelja áður en hundur er paraður.

Augnskoðun er að öllu jöfnu í boði tvisvar á ári og má fá upplýsingar um næstu augnskoðun á skrifstofu HRFÍ, t.d. með því að senda tölvupóst á netfangið hrfi@hrfi.is

Stjórn smáhundadeildar er einnig fús að veita hvers kyns upplýsingar og liðsinna félagsmönnum innan deildarinnar eftir fremsta megni. Hægt er að senda stjórn tölvupóst á netfangið smahundadeild@gmail.com